Hlíðaskóli
Ábyrgð - Vinsemd - Virðing

SKÓLARÁÐSFUNDUR Í HLÍÐASKÓLA

Fimmtudagur 1. október 2026 kl. 15:00

Mættir:
Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir skólastjóri, ritari fundar
Fyrir hönd kennara: Anna Soffía Reynisdóttir og Ingibjörg Kristinsdóttir
Fyrir hönd starfsmanna: Guðni Kristmundsson
Fyrir hönd foreldra: Rúnar Þórarinsson
Fyrir hönd nemenda: Bjarni Bergþórsson og Lilian Adaeze Alves Nwaugo
Fyrir hönd grenndarsamfélagsins: Valgerður Marija Purusic

Fjarverandi:
Aðalheiður Bragadóttir aðstoðarskólastjóri
Einar Máni Friðriksson, fulltrúi foreldra

Dagskrá:

1. Starfsáætlun Hlíðaskóla
2. Skóladagatal næsta skólaárs, fyrsta umræða
3. Umbótaáætlun
4. Önnur mál

1. Starfsáætlun Hlíðaskóla

Skólastjóri lagði fram starfsáætlun án athugasemda og verður henni skilað til skóla- og frístundasviðs.

2. Skóladagatal næsta skólaárs, fyrsta umræða

Athuga uppbrotsdagana í september. Útivistardagur mætti vera 16. september á degi íslenskrar náttúru og mætti hafa íþróttadaginn aðskilinn. Það þarf að muna að bæta skipulagið í kringum matinn. Þarf að skoða hvort allir ættu að vera í Öskjuhlíð á sama degi. Athuga hvort endurvekja ætti tvo sameiginlega Öskjuhlíðardaga.

Ræddum skólasetningardaginn, það er hugmynd að vera með haustkynningar fyrir forleldra þá. Einnig kom fram hugmynd að hefja 5. og 8. bekk með viðtölum í stað skólasetninga.

3. Umbótaáætlun

Skólastjóri kynnti drög að umbótaáætlun. Hún er enn í vinnslu og verður kynnt aftur þegar hún er fullunnin.

4. Önnur mál

Ræddum hjól og hjólagrindur á skólalóðinni. Hopp hjól eru mikið vandamál á skólalóðinni þrátt fyrir að Hopp hjól séu ekki fyrir yngri en 18 ár. Hægt að hafa samband við Hopp og biðja um að ekki sé hægt að skilja hjólin eftir á skólalóðinni, skólastjóri gerir það. Þarf líka að skerpa á hjólareglum á skólalóðinni til að fyrirbyggja slys.

Skómálin voru rædd, oft slæm umgengni í andyrrum skólans sem þarf að taka á.

Þarf að skoða skólareglur, hafa þær skýrar og sýnilegar.

Það kom fram að betri umgengni er í matsal undanfarið þar sem stjórnendur hafa verið að létta undir með starfsfólki.

Fundi slitið kl. 16:13